

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2021

Tilvísun ÞÍ: 2021031243/5.0

Efni: Umsögn frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, 512. mál.

Pjódskrá Íslands vísar til erindis Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 17. mars sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þingskjal 859 - 512. mál, er sent til umsagnar.

Telur Pjódskrá Íslands að frumvarpið geti orðið til þess að einfalda allt nafnbreytingaferlið bæði fyrir umsækjanda og Pjódskrá. Nafnbreytingaferlið eins og það er í dag getur verið snúið og ekki alltaf ljóst gagnvart umsækjanda hvort að umsókn hans sé gjaldfráls eða gjaldskyld. Aðeins lítill hluti nafnbreytinga er gjaldskyldur og með frumvarpinu er verið að leggja til að sá hluti verði gjaldfrjáls. Með afnámi gjaldtöku gæti Pjódskrá jafnframt einfaldað ferlið við nafnbreytingar og breytingar á kyni talsvert sem yrði öllum aðilum til hagsbóta.

Pjódskrá Íslands styður því framgöngu þessa frumvarps.

F.h. Pjódskrár Íslands

Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur

Afrit:

Pjódskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is